

Kynning framkvæmdastjóra á áfangastaðastofu, 11. desember 2020.

Pingforseti, góðir þingfulltrúar og gestir.

Þið þekkið eflaust öll umræðuna sem verið hefur í gangi í nokkur ár um áfangastaðastofur. En í raun má segja að MN hafi undanfarin ár starfað mjög líkt og áfangastaðastofa.

Ég kom að þessu verkefni þegar ég hóf störf hér síðastliðinn vetur og þá var myndin vægast sagt óljós. Í apríl hittumst við framkvæmdastjórar MN, SSNV og SSNE nokkrum sinnum og í þeirri vinnu sammæltumst við um tillögu að hlutverki og formi áfangastaðastofu Norðurlands og settum fram greinargerð þar um. Greinargerðin var lögð fyrir stjórnir landshlutasamtakanna. Tillagan var rædd á stjórnarfundum SSNE sem bókaði þannig um málið:

Lögð fram tillaga að uppsetningu áfangastaðastofu Norðurlands unnin af framkvæmdastjórum Markaðsstofu Norðurlands, SSNE og SSNV. Í tillögunni er lagt til að Markaðsstofa Norðurlands verði áfangastaðastofa Norðurlands. Ráðnir verði tveir starfsmenn til verkefnisins og verði annar staðsettur á Norðurlandi vestra og hinn á Norðurlandi eystra. Landshlutasamtökin fá einn mann hvor í stjórn áfangastaðastofunnar.

„Stjórn samþykkir framlagða tillögu en leggur áherslu á að verkefnið verði fullfjármagnað af hálfu ríkisins, launakostnaður og aðstaða auk þess sem gera þarf ráð fyrir verkefnafé. Ekki verður um aukin fjárframlög til stofunnar frá SSNE að ræða umfram þau framlög sem þegar renna til Markaðstofu Norðurlands. Ef verkefnið verður ekki að fullu fjármagnað af hálfu ríkisins áskilja samtökin sér rétt til að endurskoða ákvörðun sína varðandi fyrirkomulag áfangastaðastofu.“

Með þessu vorum við líka að reyna að ýta við ríkisvaldinu í þessu verkefni en það gerðist nú ekki mikið næstu mánuði en í nóvember lögðu ANR og Ferðamálastofa fram drög að samningi um stofnun áfangastaðastofa. Þar er stóra breytingin sú að gert er ráð fyrir að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið geri samning við landshlutasamtökin og þeim falið að stofna áfangastaðastofur.

Hlutverkið og verkefnin eru skilgreind í samningnum en það er sett í hendur landshlutasamtakanna að útfæra áfangastaðastofuna. Heimilt að fela öðrum, t.d. markaðsstofu, að annast verkefnin á grundvelli þjónustusamnings. Fjármögnun var lengi vel mjög óljós en er að skýrast um þessar mundir.

Ég ætla ekki að fara út í smáatriði samningsdraganna en stikla hér á helstu atriðum.

Markmið samningsins er að efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar og stuðla að jákvæðum framgangi ferðaþjónustu á starfssvæði samtakanna.

Áfangastaðastofa starfar í umboði sveitarfélaga viðkomandi landsvæðis og er samstarfsvettvangur viðkomandi sveitarfélaga, ríkis og atvinnugreinarinnar á því svæði.

Á meðal hlutverka áfangastaðastofu eru eftirfarandi verkefni sem áfangastaðastofan sinnir í samstarfi og samráði við aðra aðila sem með sömu málaflokka hafa að gera:

- a. Gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlana ásamt tengingu við aðrar opinberar stefnur og áætlanir.
- b. Aðkoma að gerð stefnumótunar og áætlana á landsvísu sem snertir ferðaþjónustu.
- c. Aðkoma að þarfagreiningu rannsókna og mælinga á landsvísu til að tryggja samanburðarhæfni milli svæða auk þess að koma með tillögur og innsýn inn í rannsóknarþörf hvers landshluta.
- d. Stuðla að vöruþróun og nýsköpun auk þess að vinna að þróunarverkefnum.
- e. Leggja mat á fræðsluþörf, hafa aðkomu að þróunarverkefnum er varða hæfni og gæði í ferðaþjónustu, veita ráðgjöf varðandi fræðslu og miðla upplýsingum um hvað er í boði.
- f. Sinna svæðisbundinni markaðssetningu í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila sem dregur fram sérstöðu landshlutanna og styður við markaðssetningu Íslands í heild.
- g. Vera grunneining í stoðkerfi ferðamála í landshlutunum. Áfangastaðastofur liðsinna sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum innan svæðis vegna ferðaþjónustu samkvæmt samstarfssamningum.

Landshlutasamtökin skulu ákveða hvernig rekstri áfangastaðastofu í landshlutanum skuli háttáð. Þannig að það er sett í okkar hendur að útfæra það.

Áfangastaðastofa getur verið stofnuð á grundvelli núverandi markaðsstofa eða annarra starfseininga sem til staðar eru á viðkomandi landsvæði.

Samtökin tilkynna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu með formlegum hætti um stofnun og fyrirkomulag á rekstri áfangastaðastofu á viðkomandi landsvæði og hvernig ofangreindum hlutverkum verður sinnt fyrir 1. júní 2021. Þannig að við höfum tíma en ekki mikinn því MN er í ákveðinni óvissu á meðan ekki liggur fyrir samningur.

Mikilvægt er að áfangastaðastofa byggji á samstarfi fleiri aðila en sveitarfélaga og Ferðamálastofu, s.s. fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila innan og utan svæðis enda grundvallast starfsemin á hugmyndafræði um samstarf opinberra- og einkaaðila (*public-private partnership*).

Á okkar svæði erum við í samtali við SSNV og MN um útfærslur en við nálgumst verkefnið með það fyrir augum að til verði þjónustusamningur landshlutasamtakanna við MN um að annast verkefni áfangastaðastofu. Landshlutasamtökin fá hvor sinn mann í stjórn MN við þessar breytingar.

Ég fæ ekki séð annað en að það að landshlutasamtökin taki að sér að stofna Áfangastaðastofu falli vel að markmiðum og hlutverki SSNE eins og það er tilgreint í samþykktum, enda felur það í sér mikilvæga hagsmunagæslu fyrir bæði aðila í ferðaþjónustu og sveitarfélögin, sem eru kannski þegar á það er litið, stærsti ferðaþjónustuaðilinn. Og vert er að halda því til haga að í flestum öðrum landshlutasamtökum eru markaðsstofurnar innan þeirra.



En svo ég dragi þetta saman í lokin þá erum við að nálgast þetta á þeim nótum að fela MN verkefnið, þ.e. að sinna verkefnum áfangastaðastofu, á grundvelli þjónustusamnings og að landshlutasamtökin fái hvor sinn mann í stjórn markaðsstofunnar. Sveitarfélög fá þannig aðkomu að stjórn markaðsstofunnar í stað áheyrnarfulltrúa nú og tækifæri til að hafa áhrif á starfsemi þar bæði í gegnum stjórnarmann og þjónustusamning.